Afstaða Alþýðuflokksins í Evrópumálum ræður atkvæði **Halldórs Hermannssonar** á Ísafirði í komandi kosningum, eins og fram kemur í viðtali *Sæmundar Guðvinssonar* við hann

Læt ekki Davíð kúga mig

– segir Halldór og lýsir yfir stuðningi við Alþýðuflokkinn.

„Ég stóð upp á þessum fundi til að lýsa yfir eindregnum stuðningi mínum við Alþýðuflokkinn og **Sighvat Björgvinsson.** Það er vegna þess að þetta er eini flokkurinn sem leggur áherslu á Evrópumálin og það er stærsta og eina málið sem kosið verður um í þessum kosningum. Ég læt ekki kúga mig til þess að kjósa Sjálfstæðisflokkinn sem neitar því að þetta mál sé á dagskrá," sagði Halldór Hermannsson skipstjóri á Ísafirði í samtali við *Alþýðublaðið* í gær.

Það var á fundi Alþýðuflokksins á *Ísafirði á sunnudaginn sem Halldór* stóð upp og lýsti kröftuglega yfir stuðningi við flokkinn við komandi kosningar. Halldór hefur verið dyggur stuðningsmaður Sjálfstæðisflokksins en segir útilokað að hann styðji hann í kosningunum í apríl.

„Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að kúga sína kjósendur í Evrópusambandsmálinu með því að neita því að málið sé á dagskrá. En ég læt ekki kúga mig og það er ekki hægt að bjóða upp á svona meðferð í lýðræðisríki. Meðan þeir haga sér svona kýs ég ekki Sjálfstæðisflokkinn. Það er alveg á tæru. Það ríður á að gera Alþýðuflokkinn sterkan í kosningunum til þess að viðræður um þetta mál verði teknar upp þegar í sumar. Síðan þegar þar að kemur eiga kjósendur að fá að segja sína skoðun endanlega," sagði Halldór Hermannsson.

Kjósendur sýni ábyrgð

„Ég trúi ekki öðru en ungt fólk og aðrir kjósendur vilji láta kanna hvaða samningum við náum við Evrópusambandið. Fólk má ekki kjósa af einhverri gamalli hjúatryggð við flokkana. Það verður að fara að meta stöðu sína og gera sér grein fyrir því að okkur bíður ekkert nema skelfingin ein að óbreyttu. Hvað á að gera við 15 þúsund ungs fólks sem kemur út á vinnumarkaðinn til aldamóta þegar engar fjárfestingar eru í augsýn. Felst útflutningsleið Alþýðubandalagsins kannski í því að flytja þetta fólk úr landi? Menn verða að gjöra svo vel og vera ábyrgir þegar þeir greiða atkvæði í stað þess að kjósa sama flokkinn ár eftir ár af gömlum vana. Menn eiga að kjósa samkvæmt sinni sannfæringu í kosningum og málefnin verða að ráða," sagði Halldór.

Eina kosningamálið

„Það gengur ekki lengur að ljúga því að fólkinu að hér sé allt í lagi. Þótt ríkisstjórnin hafi staðið sig vel eftir því sem hægt var þá blasir við stöðnun og áframhaldandi skuldasöfnun. Evrópusambandsmálið er eina málið sem einhverju skiptir í þessum kosningum því með aðild að ESB er von um betri tíð. Ef þetta gengur ekki núna dreg ég mig inn í skel og kem ekki framar nálægt pólitík.

Við höfum lítið að gera með það að ganga inn í Evrópusambandið eftir aldamót með annars flokks ríkjum. Þá færum við inn með einhverjum austantjaldsríkjum sem eru svo fátæk *að þau yrðu aldrei tekin inn sem* fyrsta flokks ríki. Við eigum að fara inn áður á allt öðrum forsendum. Þjóðernissinninn **Davíð Oddsson** hefur gengið svo hart fram í að bæla niður umræðuna um ESB að engu tali tekur. Við gleymum ekki hvernig hann hagaði sér við unga sjálfstæðismenn sem ætluðu að ræða þessi mál en lögðu niður skottið eftir að Davíð hafði snuprað þá. En ég læt ekki Davíð kúga mig," sagði Halldór Hermannsson ennfremur.

Batt Sighvat á sleða

Á fundinum á Ísafirði rifjaði Halldór á skemmtilegan hátt upp fyrstu kynni sín af Sighvati Björgvinssyni.

„Já, það er rétt. Ég gat þess að ég fóstraði Sighvat þegar hann var lítill strákur og nágranni minn. Þá batt ég hann fastan við sleða með trefli og þeysti síðan um göturnar með Sighvat Björgvinsson á skíðasleða. Mér datt þá ekki í hug að þessi patti ætti eftir að verða ráðherra. Og ég vil setjast á sleðann með Sighvati í þessu máli. Alþýðuflokkurinn hefur sýnt gífurlegt hugrekki og svona eiga flokkar að vera. Sýna hugrekki og standa og falla með því sem þeir eru að gera. Það standa öll spjót á flokknum í Evrópumálunum þar sem allir flokkar eru á móti Alþýðuflokknum. Ég er ekki að segja að ég sé krati en þetta er eini flokkurinn sem hefur ákveðna skoðun í Evrópumálinu.



Halldór: Jóhanna getur farið inn í moldarkofana og lesið Íslendingasögurnar.

Alþýðuflokkurinn verður aftur að komast í ríkisstjórn til þess að geta sett þau skilyrði að þetta verði rætt. Nú er nauðsyn því við erum að missa af síðasta tækifærinu. Við fáum engar erlendar fjárfestingar hér ef við einangrum okkur," sagði Halldór.

Framsókn allra flokka.

„Framsóknarmenn allra flokka snúast gegn Evrópusambandsmálinu. Ég er viss um að helmingur Sjálfstæðisflokksins er sömu skoðunar og Alþýðuflokkurinn en hinn helmingurinn eru framsóknarmenn. Eða þá þjóðernissinnar sem halda að þeir séu að vinna einhverja sjálfstæðisbaráttu upp á nýtt og fylgjast ekki með tímanum. Ég sagði við **Jóhönnu Sigurðardóttur** að hún gæti farið inn í moldarkofana og lesið þar Íslendingasögurnar ef henni sýndist svo. En ég nenni því ekki. Þessar kosningar snúast um það hvort við ætlum okkur að halda hér uppi nútímaþjóðfélagi eða ekki," sagði Halldór Hermannsson.


Vestfjarðalistinn kynnir stefnuskrá sína

Vill að hvalveiðar verði hafnar

Meðal stefnumála Vestfjarðalistans þar sem **Pétur Bjarnason** skipar 1. sæti, er að hvalveiðar í atvinnuskyni verði hafnar og þá fyrst með *nýtingu hrefnunnar. Ennfremur* að landbúnaður á Vestfjörðum taki mið af þörfum svæðisins og góðar aðstæður til sauðfjárræktar verði nýttar. Komið verði á svæðaskiptingu í sauðfjárrækt og ofbeitt svæði annars staðar á landinu verði friðuð.

Framboðslistinn var lagður fram síðast liðinn laugardag. Í 2. sæti listans er **Stefán Gíslason** sveitarstjóri *á Hólmavík, í 3. sæti* **Konráð Eggertsson** formaður félags hrefnuveiðimanna og **Védís Thoroddsen** fiskverkakona á Bíldudal er í 4. sæti. Boðið verður fram undir listabókstafnum M.

Vestfjarðalistinn hefur á stefnuskrá að standa vörð um hagsmuni smábátaútgerðar og fiskvinnslu á Vestfjörðum og tryggja þannig atvinnu *í sjávarplássum. Þá vill listinn* efla skólastarf á Vestfjörðum með það að markmiði að jöfnuður ríki til menntunar jafnt á leikskóla- grunnskóla- og framhaldsskólastigi, svo dæmi séu nefnd úr stefnuskránni.



Erótíkin er allsráðandi í steinþrykksmyndaröð John Lennon, *The Bag One Portfolio*. Hér gefur á að líta eiginkonu hans, Yoko Ono, í ögrandi stellingu svo sem þeirra hjóna var von og vísa.

Kjarvalsstaðir

Lennon laðar að lýðinn

Hægt að kaupa myndir Bítilsins fyrir 14 til 500 þúsund krónur. Allt að verða uppselt og sýningin stefnir í metaðsókn eftir aðeins tvær vikur, segir **Anna Margrét Bjarnadóttir** kynningarfulltrúi.

Mikil aðsókn hefur verið á sýningu á grafíkmyndum **John Lennon** að Kjarvalsstöðum. Sýningin er farandsýning sem ferðast víða um Evrópu. Að sögn **Önnu Margrétar Bjarnadóttur** kynningarfulltrúa safnsins hafa nú þegar um tíu þúsund manns séð sýninguna þrátt fyrir að einungis tvær vikur séu liðnar frá opnun. „Það hefur vakið sérstaka athygli okkar hvernig hópur sýningargestanna er samsettur, þetta hafa verið allt frá ungum skólabörnum og uppí fyrrverandi – og núverandi – blómabörn; fólk sem vanalega sækir ekki listasýningar hefur einnig fjölmennt hressilega á safnið. Ég veit nú ekki hvar þessi sýning á verkum John Lennon er á aðsóknarlistanum, *en hún er örugglega komin á topp tíu* með **Erró** og erlendum myndlistarrisum. Þetta stefnir allt í metaðsókn," sagði Anna Margrét í stuttu spjalli við Alþýðublaðið í gær.

John Lennon hafði sem tónlistarmaður mikil áhrif á menningu 20. aldarinnar. En hann lagði ennfremur stund á myndlist áður en hann sneri sér að gítarnum og hljóðnemanum í Bítlunum. Allan sinn feril hélt hann áfram að gera myndir sem lýsa nánasta umhverfi hans og eru myndirnar á sýningunni að Kjarvalsstöðum unnar á tveimur tímabilum á árunum 1968 og 1969. Þar á meðal eru annarsvegar myndir sem fyrst voru gefnar út eftir dauða Lennon og hinsvegar steinþrykksmyndaröðin *The Bag One Portfolio*, sem var brúðargjöf hans til **Yoko Ono**. Þessi myndaröð var fyrst sýnd opinberlega í London árið 1979 og vakti þá gífurlega athygli fyrir það á hversu opinberan hátt hann fjallaði þar um samlíf þeirra hjóna. Í myndaröðinni gefur á að líta upphafningu Lennon á ást sinni til konu sinnar. Á öðrum degi sýningarinnar var henni lokað af lögregluyfirvöldum og átta erótískar myndir teknar eignarnámi; þær þóttu ósæmilegar og særðu siðferðisvitund viðkvæmra. Uppúr þessu hófst hið mesta fjölmiðlafár um víða veröld, rannsókn lögreglunnar var rækilega fylgst með og réttarhöldunum sem fylgdu í kjölfarið. Málið var að lokum látið niður falla. Sýning á grafíkmyndum John Lennon er óvenjuleg að því leyti að hún er sölusýning, það er að allar myndirnar á sýningunni eru til sölu. Myndirnar kosta allt frá fjórtán til fimmhundruð þúsund króna. Töluvert hefur verið keypt og einnig eru bolir, sýningarskrár, plaköt og svo framvegis að seljast upp. Sýningin verður opin daglega til 26. mars, frá klukkan 10:00 til 18:00. Kaffistofan er opin á sama tíma.

A L Þ Ý Ð U F L O K K U R I N N

KVENFÉLAG ALÞÝÐUFLOKKSINS Í HAFNARFIRÐI

Bæjarmálin

Kvenfélag Alþýðuflokksins í Hafnarfirði heldur fund miðvikudaginn 8. mars í Alþýðuhúsinu í Hafnarfirði, klukkan 20:30, um bæjarmálin í Hafnarfirði og kosningarnar framundan. ***Gestir fundarins:*** **Valgerður Guðmundsdóttir, Ingvar Viktorsson, Tryggvi Harðarson** og **Guðmundur Árni Stefánsson**. Hvað er að gerast í bæjarmálum í Hafnarfirði? Konur fjölmennið. Látum okkur málin varða.

Stjórnin.

ALÞÝÐUFLOKKURINN Á VESTURLANDI

Umhverfismál

Alþýðuflokkurinn boðar til fundar um umhverfismál í Hótel Stykkishólmi, þriðjudaginn 14. mars klukkan 20:30. ***Frummælandi:*** **Össur Skarphéðinsson.** ***Umræðuefni:*** Verndun Breiðafjarðar og önnur umhverfismál. Fyrirspurnir og umræður. **Stjórnin.**

ALÞÝÐUFLOKKSFÉLAG PATREKSFJARÐAR

Stjórnmálafundur

Alþýðuflokksfélag Patreksfjarðar auglýsir opinn stjórnmálafund um með **Sighvati Björgvinssyni** ráðherra sunnudaginn 12. mars klukkan 20.30. Fundurinn verður haldinn í félagsheimilinu á Patreksfirði. **Formaður.**

JAFNAÐARMENN Á VESTURLANDI

Góugleði

Alþýðuflokksfélag Akraness heldur sína árlegu góugleði í félagsheimilinu Röst, laugardaginn 11. mars. Allir jafnaðarmenn eru velkomnir. Dagskráin verður nánar auglýst síðar. **Stjórnin.**

JAFNAÐARMENN Á NORÐURLANDI EYSTRA

Kosningaskrifstofa

Kosningaskrifstofa Alþýðuflokksins á Norðurlandi eystra hefur verið opnuð að Brekkugötu 7 á Akureyri. Skrifstofan er opin alla virka daga frá klukkan 13:00 til 22:00 og um helgar frá klukkan 13:00 til 17:00. Heitt á könnunni og „með því" allan daginn. **Kosningastjórnin.**